

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun landslagsverndarsvæðisins Þjórsárdals í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagverndarsvæðið Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem sett hefur verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013:

- Landverði eða umsjónaraðila svæðisins er heimilt að loka tímabundið gönguleiðum vegna verndunar gróðurs og jarðminja eða þegar leiðin er ekki fær og beina gestum svæðisins um aðrar leiðir ef þess er kostur. Samráð skal haft um slíka ákvörðun við hlutaðeigandi sveitarfélag og fulltrúa ferðaþjónustu og útivistarfólks sbr. kafla um gróður, vistgerðir og jarðveg.
- Óheimilt er að skilja eftir úrgang vegna tóbaksnotkunar innan hins friðlýsta svæðis sbr. kafla um úrgang.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 14. maí 2024.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Stefán Guðmundsson.*